

AUGLÝSING

um skráningu íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum.

Með heimild í 18. gr. laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands um markaðssetningu íslensku krónunnar og erlends gjaldeyris staðfestist að gengisvog krónunnar er nú í eftirtöldum hlutföllum:

Bandaríkin	USD	24,09
Bretland	GBP	13,39
Kanada	CAD	1,37
Danmörk	DKK	9,16
Noregur	NOK	8,26
Svíþjóð	SEK	3,85
Finland	FIM	1,22
Frakkland	FRF	4,61
Belgía	BEF	1,46
Sviss	CHF	2,35
Holland	NLG	4,53
Þýskaland	DEM	13,83
Ítalía	ITL	2,10
Portúgal	PTE	1,37
Spánn	ESP	3,02
Japan	JPY	5,39
Alls		100,00

Reykjavík, 29. júní 1998.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Sveinbjörn Hafliðason.

Nr. 387

25. júní 1998

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 281/1997, fyrir Lífeyrissjóð Verkfræðingafélags Íslands.

1. gr.

Grein 1.1 orðast svo:

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður verkfræðinga. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Grein 4.1 orðast svo:

Iðgjöld sjóðfélaga skulu vera 10% af heildarlaunum, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 129/1997. Iðgjaldsstofn sjóðfélaga vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal vera jafn hár fjárhæð reiknaðs endurgjalds skv. viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra hverju sinni. Iðgjöld skulu þó aldrei vera lægri en skv. iðgjaldatöflu sjóðsins en sjóðurinn gefur út iðgjaldatöflu með hæfilega mörgum iðgjaldaflokkum. Í undantekningartilfellum er stjórn sjóðsins heimilt að samþykkja lægri iðgjöld, enda mæli sérstakar ástæður með því.